


Innkaupahættir Isavia ohf.



Innkaupahættir Isavia ohf.

Útgefandi

Isavia ohf.

Dagsetning

08.05.2020

© 2024 Isavia ohf.

www.isavia.is / isavia@isavia.is

Efnisyfirlit

1 Um Innkaupahætti Isavia	4
2 Lagaumhverfi Isavia	4
3 Framkvæmd innkaupa	4
4 Gildistaka	5

1 Um Innkaupahætti Isavia

Isavia ohf. er hlutafélag í eigu ríkisins sem fellur undir almenna eigandastefnu þess. Eitt af markmiðum eigandastefnunnar er að gætt sé jafnræðis, hlutlægni og að ekki sé mismunað við innkaup.

Innkaupahættir Isavia eiga við um öll félög samstæðunnar.

2 Lagaumhverfi Isavia

Innkaup Isavia falla undir 9. gr. laga um opinber innkaup nr. 120/2016. Af þessu leiðir að ákvæði reglugerðar nr. 340/2017 um innkaup stofnana sem annast vatnsveitu, orkuveitu, flutninga og fjarskipti (innleiðir veitutilskipun EBS nr. 2014/25) eiga við um innkaup félagsins.

3 Framkvæmd innkaupa

Við innkaup samstæðunnar er byggt á meginreglum um jafnræði, gagnsæi og hagkvæmni þar sem m.a. er tekið tillit til gæða-, umhverfissjónarmiða og verðs.

Isavia hefur sett sér innkaupareglur sem gilda um öll innkaup samstæðunnar og taka þær mið af lögum um opinber innkaup og meginreglum eigandastefnunnar. Ábyrgð á innkaupum er á hendi viðkomandi framkvæmdastjóra en innkaupadeild Isavia fer með yfirlýsningu með innkaupum samstæðunnar.

Starfsmenn samstæðunnar taka ekki þátt í afgreiðslu mála er varða viðskipti við fyrirtæki eða einstaklinga sem þeir eru persónulega eða fjárhagslega tengdir, beint eða óbeint.

Settar hafa verið siðareglur sem birgjum samstæðunnar ber að fylgja. Reglurnar taka mið af stefnu samstæðunnar um samfélagslega ábyrgð.

Við innkaup yfir viðmiðunarfjárhæðum samkvæmt 15. gr. reglugerðar nr. 340/2017, er byggt á þeim innkaupaaðferðum sem VI. kafli reglugerðarinnar kveður á um.


Við innkaup undir viðmiðunarfjárhæðum er meginreglum um innkaup fylgt, líkt og 16. gr. reglugerðarinnar kveður á um.

Innkaupahættir Isavia eru aðgengilegir á innri og ytri vef félagsins.

4 Gildistaka

Samþykkt af forstjóra Isavia ohf. Sveinbirni Indriðasyni

Reykjavík 8. maí 2020



KEF